

# Fundargerð 39. fundar

## skipulagsmálanefndar sambandsins

Árið 2020, þriðjudaginn 25. febrúar kl. 12:00 kom Skipulagsmálanefnd sambandsins saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Bárður Guðmundsson, Dagbjört Jónsdóttir, Gauti Jóhannesson, Hrafnkell Á. Proppé og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Dagbjört Jónsdóttir og Gauti Jóhannesson tóku þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1810076SA

Lagt var fram til kynningar og umræðu yfirlit lögfræði- og velferðarsviðs, dags. 21. febrúar 2020, um helstu mál sem hafa verið til umfjöllunar ásamt tenglum á umsagnir sem sambandið hefur veitt á síðustu vikum.

Helstu umsagnir voru umsagnir um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð og um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða. Einnig voru umsagnir um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs, um loftslagsmál, um hollustuhætti og mengunarvarnir, á náttúruverndarlögum ásamt umsögn um lýsingu á gerð landgræðsluáætlunar.

Sérstaklega var rætt um tíðindi af Samráðsvettvangi sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið, umsókn sambandsins í Loftslagsjóð fyrir verkefninu "Framtíðin liggur í loftinu - verkfærakista sveitarfélaga í loftslagsmálum", og vinnu við aðra aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem nú er í vinnslu. Fram komu ábendingar frá nefndarmönnum um aðgerðaáætlunina og var ákveðið að fulltrúi sambandsins í verkefnisstjórn fundi með SSH og Reykjavíkurborg á næstu dögum til að ræða frekar tiltekna áherslur sem vert væri að koma á framfæri í þessari vinnu.

Vakin var athygli á morgunfundi Skipulagsstofnunar um skipulag og lýðheilsu þann 5. mars og málþingi um landslag og víðerni 30. mars.

### 2. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarhald og nýtingu fasteigna - heimildir aðila utan EES-svæðisins o.fl. - óskað umsagnar - 2002014SA

Lögð fram til umræðu drög að umsögn sambandsins um frumvarp um breytingar á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna. Umsagnarfrestur um frumvarpsdrögin í samráðsgátt er til 27. febrúar. Einnig voru lögð fram til umræðu drög að reglugerð um vernd landbúnaðarlands. Í umræðum var sérstaklega farið yfir verkskiptingu milli ráðuneytisins og sveitarfélaga þegar kemur að samþykki fyrir breyttri landnotkun.

*Skipulagsmálanefnd tekur undir umsögn sambandsins og ítrekar mikilvægi þess að gjöld er sveitarfélög greiða til Þjóðskrár skv. gjaldskrá skili sér til stofnunarinnar til að standa undir þeirri þjónustu er sveitarfélög greiða fyrir, sem er rekstur Fasteignaskrár.*

### **3. Ályktun stjórnar um afleiðingar óveðurs í desember 2019 - 1912015SA**

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsvið kynnti tillögur, sem starfshópur vann að beiðni átakshóps stjórnarráðsins, til að einfalda ferla við veitingu leyfa til uppbyggingar flutningskerfis raforku. Þessar tillögur verða gerðar opinberar á næstu dögum en voru lagðar fram til kynningar sem trúnaðarmál.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir vék af fundi kl. 13:30

### **4. Átakshópur um aukið framboð á íbúðum til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði - 1812018SA**

Haldið var áfram umfjöllun frá 38. fundi skipulagsmálanefndar, með áherslu á að ræða stöðu tillagna sem lúta að einföldun lagaumhverfis skipulags- og byggingarmála.

Tillögur um einföldun lagaumhverfis í byggingarmálum munu fá umfjöllun í laganevnd sem félags- og barnamálaráðherra hefur skipað og mætti nefndin á fundinn en í henni sitja Anna Guðmunda Ingvarsdóttir frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Björn Karlsson frá félagsmálaráðuneytinu og Erna Hrönn Geirsdóttir frá Reykjavíkurborg.

Tillögur um einföldun lagaumhverfis í skipulagsmálum mun fá umfjöllun í laganevnd sem umhverfis- og auðlindaráðherra hefur nýlega skipað og mætti formaður þeirrar nefndar, Hafsteinn Pálsson frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, á fundinn ásamt Söndru Hlíf Ocares frá Byggingarvettvangnum, sem einnig á sæti í nefndinni. Fulltrúi sambandsins í nefndinni er Guðjón Bragason.

Fram kom að laganevnd um einföldun lagaumhverfis í byggingarmálum hafi mjög afmarkað verkefni í upphafi og það sé að fylgja eftir tillögum er komu frá byggingavettvangnum undir heitinu "Fyrstu skref að betri byggingarmarkaði".

Til umræðu var einnig mikilvægi þess að tekið sé tillit til þeirrar vinnu sem á sér stað í samstarfi Samkeppniseftirlitsins og OECD í tengslum við greiningu á byggingariðnaði á Íslandi og að breytingar einfaldi lagaumhverfið og skapi ekki óþarfa hindranir á markaði.

Fram kom í máli Hafsteins Pálssonar að laganevnd um einföldun skipulagsmála hafi ekki hafið störf en nefndin þarf að skila tillögum fyrir lok apríl mánaðar og því ljóst að hún þarf að vinna hratt og örugglega.

Gestir undir þessum fundarlið voru: Sandra Hlíf Ocares frá Byggingavettvangnum, Anna Guðmunda Ingvarsdóttir frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Erna Hrönn Geirsdóttir frá Reykjavíkurborg, Björn Karlsson frá félagsmálaráðuneytinu og Hafsteinn Pálsson frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

Fundi var slitið kl. 14:30

---

Bárður Guðmundsson

---

Dagbjört Jónsdóttir

---

Gauti Jóhannesson

---

Hrafnkell Á. Proppé

---

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir